

# Eystrahorn

35. tbl. 39. árgangur

Fimmtudagurinn 14. október 2021

www.eystrahorn.is

## Hlaupahópur Hornafjarðar



Hluti af Hlaupahóp Hornafjarðar við upphaf æfingar í september.

Ef einhver hefur velt því fyrir sér hver sé ástæða aukningar á litríkum hópum hlaupara á götum og stígum Hafnar, þá er skýringin nú augljós: Í byrjun september var stofnaður Hlaupahópur Hornafjarðar. Hópurinn er samstarfsverkefni frjálsíþróttadeildar UMF Sindra og Helgu Árnadóttur. Viðtökur við hópnum hafa farið langt fram úr væntingum og í dag eru skráðir 42 iðkendur. Það ríkir góð stemning á æfingum og iðkendur hreint frábærir í að hvetja hvorn annan og gefa af sér. Grunnurinn fyrir svona hóp var greinilega til staðar og byggir m.a. á flottu framtaki UMF Mána síðasta vetur. Markmið með hópnum er að efla og fjölga hlaupurum á Hornafirði og bæta lífsgæði með því að geta hlaupið sér til gleði og heilsubótar. Iðkendur eru fjölbreyttir og með ólíkan bakgrunn í hlaupum. En það er nú þannig við

hlaupin að maður þarf ekki margt til að byrja, einfaldlega góða hlaupaskó og svo bara fara út! Smá utanumhald og prógram hjálpar nú líka til. Iðkendum er eins og er skipt upp í þrjá hópa og hver hópur fær sitt prógram fyrir vikuna. Fjöldi æfinga á viku er misjafn milli hópa en það er alltaf boðið upp á þrjár fastar æfingar. Helga er ástríðufullur hlaupari og hefur varla tekið hlaupaskóna af sér síðan hún mætti á sína fyrstu æfingu hjá Laugaskokkurum í Reykjavík, haustið 2006. Hún hefur einnig tekið þátt í þríþraut en skemmtilegast finnst henni að hlaupa í náttúrunni og vera í fjallabrölti. Helga fann hjá sér vilja og þörf til að deila reynslu sinni og hlaupagleði, sem og að skora á sjálfa sig með því að takast á við eitthvað nýtt, og fór því af stað með hópinn. Í upphafi var hópurinn auglýstur fram að

áramótum en þetta frábæra upphaf er heldur betur hvatning til að halda áfram, sem og Helga hefur ákveðið að gera. Byrjendaprógram mun aftur fara í gang eftir áramót. Til viðbótar, þá verður komið á fót vetrarhlaupaseríu á Höfn, sjá auglýsingu hér í blaðinu. Vert er að geta að Berglind Steinþórsdóttir á allan heiðurinn af uppsetningu auglýsinga og hönnun merkis fyrir hópinn. Helga er auðmjúk og þakklát fyrir góðar viðtökur og hlakkar til að halda áfram að efla lýðheilsu og deila hlaupagleðinni! Nánari upplýsingar um hópinn gefur Helga í síma 888 5979 og á netfangið [hlaupahopurnhornafjardar@gmail.com](mailto:hlaupahopurnhornafjardar@gmail.com). Áhugasamir iðkendur í sveitarfélaginu sem komast ekki á æfingar á Höfn geta haft samband við Helgu uppá að finna leið til að nálgast hópinn og æfingar.

### Bleika slaufan

Konukvöld í kvöld kl. 19:30-22:00  
Húsgagnaaval styrkir bleiku  
slaufuna um 15% af seldum  
gjafavörum á konukvöldi.

Vinkonur, dætur, mömmur og  
ömmur: Verum til!  
Léttar veitingar í boði  
Hlökkum til að sjá ykkur

Húsgagnaaval

Húsgögn og gjafavörur

Opið virka daga frá  
kl. 13:00-18:00

Símar:

478-2535 / 898-3664



## Þakkir

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs föður, tengdaföðurs og afa.

**Jens Olsen**  
frá Dynjanda

sem lést 24. september sl. á hjúkrunarheimilinu Skjólgarði

Útförin fór fram frá Hafnarkirkju 4. október sl.

Sérstakar þakkir færur við starfsfólki Skjólgarðs fyrir hlýhug og góða umönnun.

*Sigurbergur Olsen Jóhanna G. Einarsdóttir  
Þorleifur Olsen Katrín Steindórsdóttir  
og barnabörn*



## FÉLAGSSTARF FÉLAGS ELDRI HORNFIÐINGA SAMVERA Í EKRU



föstudaginn 15. október kl 17:00.

**Þorvarður Árnason** sýnir kvikmynd sína „**Hinn stóri samhljómur sandsins**“. Umræður og fyrirspurnir að sýningu lokinni. Missið ekki af þessari stórmerkilegu mynd.

**Tónleikar Ekrubandsins** og **vöflusala** sunnudaginn 17. október kl. 15:00. Fjölmönnum, nú hefst fjörið!

Munið **félagsvistina** í kvöld, fimmtudaginn 14. október kl. 20:00.



## Bifreiðaskoðun á Höfn 18., 19. og 20. október.

Tímapantanir í síma 570-9090 fyrir kl. 16:00 föstudaginn 15. október. Næsta skoðun 22., 23., og 24. nóvember.

## Frumherji

*Þegar vel er skoðað*

## Bridge

Vetrarstarfið hjá Bridgefélagi Hornafjarðar hefst **sunnudaginn 17. október.**

Spilað verður í húsnæði AFLs við Víkurbraut og hefst spilamennskan stundvíslega kl. 19:30.

Allir spilarar velkomnir.



## Eystrahorn

### Styrktaráskrift

Viltu styðja við útgáfu Eystrahorns? Kynntu þér málið á:

[www.eystrahorn.is/styrktaraskrift/](http://www.eystrahorn.is/styrktaraskrift/)



Svalbarð 5 • Sími: 848-3933  
Útgefandi:..... HLS ehf.  
Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson  
Netfang: ..... tjorvi@eystrahorn.is  
Prófarkalestur: Guðlaug Hestnes  
Umbrot: ..... Tjörvi Óskarsson  
Prentun: ..... Litlaprent

ISSN 1670-4126

## MESSA ALTARISGANGA

17. október kl. 11:00

Eftir tveggja ára bið göngum við til altaris.

Vegna Covid hefur ekki verið að hægt að koma til altaris en nú verður breyting þar á. Komum til kirkju og eigum góða stund. Allir velkomnir til messu.

Kaffi og veitingar að messu lokinni.

Fermingarbörn síðustu tveggja ára eru sérstaklega boðin velkomin



# Nettómót Austurlands í Icelagoon Höllinni

Síðastliðinn sunnudag voru samankomin um 100 börn á Nettómóti Austurlands í Icelagoon Höllinni. Tilfnið var körfuboltamót fyrir krakka í 1.-6. bekk á Austurlandi sem körfuknattleiksdeild Sindra stóð fyrir. Markmiðið með mótinu er að styrkja körfuboltastarf á Suðaustur- og Austurlandi og gefa krökkum færi á að keppa við sína jafnaldra. Þar sem vegalengdin milli bæja á þessu svæði er hófleg er tilvalið að halda dagsmót. Einnig er markmiðið að skapa vettvang fyrir þá sem eru að stíga sín fyrstu skref í íþróttinni, hluti af því er að ekki eru talin stig heldur leitast við að kenna grunnatriðin í keppni.

Skemmt er frá því að segja að mótið heppnaðist með ágætum og frábært að sjá hvað krakkarnir skemmtu sér vel og létu kappið ekki bera fegurðina ofurliði. Nettó kom að mótinu sem styrktaraðili og gaf öllum iðkendum verðlaunapeninga og bolta fyrir þátttökuna. Einnig voru fríir ávextir í boði. Frábært var að sjá hvað jákvæð stemning var í kringum mótið, foreldrar gengu í hin ýmsu störf með bros á vör og leikmenn meistaraflokks Sindra sáu um dómgæslu. Við í Sindra viljum þakka öllum þeim sem komu að mótinu með einum eða öðrum hætti kærlega fyrir þeirra hlut og sjáumst hress að ári liðnu á næsta móti.



## VETRARHLAUP UMF SINDRA

Frjálsíþróttadeild UMF Sindra og Hlaupahópur Hornafjarðar standa fyrir hlaupaseríu veturinn 2021- 2022. Um er að ræða 5 km hlaup sem haldin verða á Höfn einu sinni í mánuði frá október til mars. Hlaupin fara fram síðasta miðvikudag hvers mánaðar (nema í desember, þá er Gamlárshlaup, auglýst síðar).

Hlaupin byrja kl. 18:00

Upphaf og endir er við sundlaugina

Verð: 500 kr

Stigagjöf: Fyrstu 5 kvk/5kk fá stig.

1. sæti 5 stig, 2.sæti 4 stig o.s.frv.

Samanlögð stig í lok vetrar skera úr um sigurvegara.

27. OKTÓBER

24. NÓVEMBER

31. DESEMBER

26. JANÚAR

23. FEBRÚAR

30. MARS

Upplýsingar: Helga Árna, gsm 888 5979  
hlaupahopurhornafjardar@gmail.com



# Alla leið á öruggari dekkjum



Henta vel  
undir rafbíla



## Michelin X-ICE North 4

Besta hemlun í hálku, hvort sem dekkinn eru ný eða ekin 10.000 km.

Betri aksturseiginleikar í samanburði við helstu samkeppnisaðila.

Hámarksgrip með sérhönnuðu mynstri fyrir hverja stærð.

Einstök ending.

Lágmarks hljóðmengun.



## Michelin X-ICE Snow

Nýjasti meðlimurinn í vetrardekkjalínu Michelin.

Aukið grip í hálku, snjó og slabbi.

Endingargott grip út líftímann.

Einstakir akstureiginleikar og þægindi við erfiðustu aðstæður.

Allir bestu eiginleikarnir

– Michelin Total Performance.



## Michelin Alpin 6

Nýr mynsturskurður sem opnast eftir því sem dekkið slitnar.

Endingargott grip út líftímann.

Lagskipt gúmmiblanda sem veitir hámarksgrip.

Notaðu  
N1 kortið



Verslun N1  
Vesturbraut 1, Höfn, 478 1940

N1

ALLA LEIÐ

# Viðurkenningar fyrir störf á sviði sjó- og strandminja

Þann 11. október 2021, veitti Samband íslenskra sjóminjasafna þremur valinkunnum mönnum viðurkenningu fyrir farsæl störf á sviði sjó- og strandminja um áratuga skeið. Þessir menn hafa starfað hver á sínu sviði en allir skilað sérlega drjúgu og merku lífsverki. Þetta eru Geir Hólm, Hafliði Aðalsteinsson og Þór Magnússon.

**Geir Hólm** varð safnstjóri Sjóminjasafns Austurlands á Eskifirði árið 1982 og starfaði við safnið til 75 ára aldurs, til ársins 2008 eða í 26 ár. Hann var meðal annars ötull við söfnun sjóminja á þeim tíma og gerði safnið að einu af merkustu sjóminjasöfnum landsins. Einnig lagði hann mikið af mörkum til varðveislu gamalla báta og ýmissa sögulegra mannvirkja á Austurlandi, meðal annars vitans á Dalatanga og tvö af elstu húsum Eskifjarðar, Jensenshúss og Randulfssjóhúss.

**Hafliði Aðalsteinsson** hefur verið starfandi tréskipasmiður alla tíð, lærði fyrst hjá föður sínum og nam síðar við Iðnskólann í Reykjavík. Hann hefur smíðað nokkurn fjölda báta og einnig og ekki síst unnið að viðgerð og endurgerð eldri báta. Hafliði var stofnfélagi og í forystu fyrir Félag áhugamanna um



Bátasafn Breiðafjarðar á Reykhólum sem sett var á stofn árið 2006. Félagið byggir á gjöf föður Hafliða, sem gaf þrjá báta og öll sín tæki til safnsins. Þá hefur Hafliði verið óþreytandi við að efla þekkingu á skipasmiðum og haldið fjölda námskeiða í skipasmiði í samstarfi við IÐUNA fræðslusetur, m.a. í Reykjavík og á Reykhólum.

**Þór Magnússon** var þjóðminjavörður á árunum 1968-2000. Eitt af þeim sviðum sem hann lét sig miklu var bátavarðveisla og sjóminjar. Var hann

þar á margan hátt brautryðjandi því að Þjóðminjasafnið og byggðasöfnin höfðu sýnt meiri áhuga á sveitameningu fyrri tíðar en minjum um sjósókn og siglingar. Í tíð Þórs hófst til að mynda markviss söfnun á gömlum bátum en þá voru söfnin á Íslandi ekki farin að sinna því svo heitið gæti. Þá má nefna hlut Þórs í að koma upp Sjóminjasafni Íslands í Hafnarfirði. Safnið markaði spor á sínum tíma þótt það starfaði í aðeins 15 ár.

*Helgi Máni Sigurðsson formaður SÍS*

## Óskað er eftir tilnefningum til hvatningarverðlauna á sviði menningarmála á Suðurlandi 2021

Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) óska eftir tilnefningum til samfélags- og hvatningarverðlauna á sviði menningarmála á Suðurlandi. Frestur til tilnefninga er til miðnættis mánudaginn 18. október nk. og þær skal senda á netfangið: [menningarverdlaun@sass.is](mailto:menningarverdlaun@sass.is). Veitt verður viðurkenning sem og peningaverðlaun sem nýtt verða til áframhaldandi menningarstarfs á Suðurlandi. Nánari upplýsingar má nálgast á heimasíðu SASS: [sass.is](http://sass.is).



**SASS**  
SAMTÖK  
SUNNLENSKRA  
SVEITARFÉLAGA

## Styrktaráskrift Eystrahorns

Eystrahorn hefur verið gefið út frá því 1983 og hefur verið sent á hvert heimili í sveitarfélaginu, íbúum að kostnaðarlausu, undanfarin ár. Flestir eru sammála um að útgáfa sem þessi er mikilvægur þáttur í samfélaginu okkar. Útgáfan stendur oft mjög tæpt og gæti ekki staðið undir sér nema fyrir framlag fyrirtekja, stofnanna og einstaklinga á svæðinu. Við óskum því eftir því að Hornfirðingar styrki útgáfu blaðsins t.d. með mánaðarlegu framlagi. Nýtt kerfi hefur verið sett upp á heimasíðu Eystrahorns þar sem hægt er að styrkja blaðið með auðveldum hætti með mánaðarlegum greiðslum. Hægt er að segja upp áskriftinni hvenær sem er. Þökkum þeim sem nú þegar styðja við útgáfuna.

### 1 Farðu inn á heimasíðu Eystrahorns



[www.eystrahorn.is/styrktaraskrift](http://www.eystrahorn.is/styrktaraskrift)

### 2 Veldu mánaðarlega upphæð



### 3 Skráðu inn kortanúmer í öruggt áskriftarkerfi

Þitt framlag styrkir útgáfu blaðsins, kærar þakkar

✉ [eystrahorn@eystrahorn.is](mailto:eystrahorn@eystrahorn.is)

🌐 [www.eystrahorn.is](http://www.eystrahorn.is)

☎ sími: 848-3933



# Fljúgum inn í veturinn með fjölda tilboða

Við fjölgum nettilboðum í hverri  
flugferð og lækkum verð nettilboða  
og barnafargjalda til 14. nóvember

## Flugáætlun

|                       | Mán | Pri | Mið | Fim | Fös | Lau | Sun | Brottför | Lending |
|-----------------------|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|----------|---------|
| Frá Reykjavík         |     | •   |     |     |     |     |     | 08:55    | 09:50   |
|                       |     |     | •   |     |     |     |     | 13:20    | 14:15   |
|                       |     |     |     | •   |     |     |     | 14:00    | 14:55   |
|                       |     |     |     |     | •   |     |     | 16:35    | 17:30   |
|                       |     | •   |     |     |     |     |     | 17:30    | 18:25   |
| Frá Höfn í Hornafirði |     | •   |     |     |     |     |     | 10:10    | 11:10   |
|                       |     |     | •   |     |     |     |     | 14:40    | 15:40   |
|                       |     |     |     | •   |     |     |     | 15:15    | 16:15   |
|                       |     |     |     |     | •   |     |     | 17:55    | 18:55   |
|                       |     | •   |     |     |     |     |     | 18:45    | 19:45   |

Flugáætlun gildir frá 1. október 2021

